

35. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima

10. sept. 2014, kl. 8:30

Mætt: Kristín, Davíð, Ragnhildur, Helga, Zophonías, Árdís, Vala, Þorvarður, Nína.

Fundarstjórn: Davíð

Ritari: Ragnhildur

Dagskrá:

1. Nýheimar taka að sér umsjón Jöklastígs frá Sveitarféluginu. Vala kynnir.
2. Framtíðarskipan veitingasölunnar í Nýheimum. Zophonías kynnir.
3. Samstarf Nýheima og Vox Naturae um bætt og aukið samtal vísindanna, stjórnmálanna og samfélagsins. Þorri kynnir.
4. Heimsókn til Söderhamn. Davíð kynnir.
5. Umhverfisstefna Nýheima og umgengni í og við húsið, flokkun á rusli ofl. Framhaldsumræða, Zophonías kynnir.
6. Önnur mál

Fundargerð

1. Vala kynnti drög að samningi um að Nýheimar Þekkingarsetur taki að sér verkefnistjórn með gönguleiðarverkefni sem felur í sér að gera gönguleið milli Haukafells og Skálafells. Stjórn samþykkir að fela Völu að vinna áfram að samningnum.
2. Zophonías fór yfir þá lausn í matarmálum að ráða matráð fram á vor og hvatti stjórn til þess að huga að lausnum til lengri framtíðar og á heilsársgrunni. Þorvarður reifaði þá hugmynd að fleiri stofnanir en FAS, Rannsóknarsetrið og Hornafjarðarsöfn komi að rekstri kaffiteríunnar í Nýheimum. FAS rekur t.d. enga starfsemi í húsinu á sumrin.
3. Þorvarður fór yfir heimsókn Vox Naturae frá því í vor þar sem kynnt var verkefni um að vinna að uppsetningu jöklasýningar. Hann kynnti einnig nýja hugmynd um verkefni sem lýtur að því að stuðla að samtali milli þekkingaraðila og stjórnvalda um loftslagsbreytingar og bráðnun jökla m.a. Áætlað er að sækja um styrk til Evrópusambandsins til þessa verkefnis. Þorvarður lýsti þeirri skoðun sinni að þetta væri rakið Nýheimaverkefni og lagði til stjórn Nýheima kosti heimsókn Fanneyjar Frisbæk ráðgjafa til þessa að fá betri yfirsýn yfir verkefnið ekki síst til þess að stjórnin geti tekið ákvörðun um þátttöku í því. Ákveðið að fela Davíð að fá Fanneyju í heimsókn til að útlista nánar hugmyndafræði og praktískar útfærslur í tengslum við verkefnið.




NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR

4. Ferð til Söderhamn. Davíð sagði frá tillögu Zophoníasar um að Margrét Gauja fari með honum sem fulltrúi FAS í stjórn Nýheima. Tillagan samþykkt samhljóða.
5. Umhverfisstefna Nýheima. Fram kom að til stendur að endurvekja umhverfisnefndina og umræður um að við ættum að geta gert betur í flokkun úrgangs en hingað til. Kristín boðar fund með umhverfisnefndinni og fagnar þeirri tillögu Davíðs að fá fyrrverandi stjórnarformann Sorpu, Margréti Gauju, til liðs við nefndina
6. Önnur mál
 - a) Helga ræddi uppskeruhátíð við höfnina sem var í fyrrahaust þar sem matarframleiðendur komu vörum sínum á framfæri. Umræður um að einhver þurfi að taka verkefnið að sér. Samþykkt að Árdís, Nína og Helga mjaki verkefninu áfram.
 - b) Vala ítrekaði hugmynd um þankahríðarfund í fundarhúsinu í Lóni um áherslur og verkefni á vegum Nýheima. Ákveðið að taka frá seinnipart fimmtudagsins 16. október. Þorri leggur til að við ræðum undirbúning áfram á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 9:55

Ragnhildur Jónsdóttir



Ragnhildur Jónsd.
Davíð Ármann